



Upplýsingablað vegna ársskýrslu leikskólans:

Flataskóli 4 og 5 ára bekkur

Hagnýtar upplýsingar um leikskólann:

Opið er frá kl. 8:00-17:00 alla daga. Í 4 og 5 ára bekk eru pláss fyrir 40 nemendur. Starfsárið 2015-2016 voru 35 nemendur, 17 drengir og 18 stúlkur. Í 5 ára bekk voru 24 nemendur, 11 drengir og 13 stúlkur. Í 4 ára bekk voru 11 nemendur, 6 drengir og 5 stúlkur. Í hópnum var eitt tvítýngt barn (móðir frá Írlandi) og eitt þrítyngt barn (móðir frá Indónesíu og faðir frá Ástralíu). Stöðugildi voru 5 talsins.

Sérstaða leikskólans:

Sérstaða leikskóladeildar í Flataskóla er sú að, nýtum húsnæði og annað sem skólinn hefur upp á að bjóða og við höfum einnig greiðan aðgang að starfsfólki skólans. Það er ekki boðið upp á morgunmat en það er ávaxtastund um kl. 10:00. Opnunartími er frá kl. 8:00-17:00. Deildin tekur þátt í öllum uppákomum og stærri ferðum skólans svo sem skíðaferð, haust- og vorferð, ásamt þemaverkefnum jólaböllum og öðru slíku. Nemendur í 4 og 5 ára bekk eiga nemendur í 7. bekk sem vinabekk og eiga þau góðar stundir saman. Tveir nemendur úr 5 ára bekk sitja í nemendaráði skólans.

Helstu verkefni og áherslur:

Brúa bilið milli leikskóla og grunnskóla. Undirbúa börnin fyrir komandi skólagöngu og ýta undir jákvæð kynni af skólaumhverfinu. Auka félagslega færni. Að læra að tileinka sér siði skólans og umhverfi hans. Ýta undir nám barna með leik að leiðarljósi með áherslu á stærðfræði og læsi ásamt ýmsu öðru skemmtilegu sem þau læra til dæmis með könnunaraðferð.

Foreldrasamstarf, áherslur:

Foreldrum var boðið að koma með í skíðaferð vetrarins og komu þeir sem vildu og höfðu tök á. Nemendum í 4 og 5 ára bekk var boðið að taka þátt í öllum viðburðum á vegum foreldrafélags skólans en þeir áttu þó ekki sinn foreldrafulltrúa þar. Lögð var rík áhersla á að samstarf heimilis og skóla væru góð og það voru mikil samskipti við foreldra og forráðamenn.

Nýbreytni í leikskólastarfinu:

Tókum upp sjónrænt skipulag. Unnum markvisst eftir stundatöflu. Unnið var markvisst í textíl og myndmennt. Enn meiri áhersla á læsi – allir stærri og sýnilegri hlutir í umhverfi barnanna voru merktir. Tókum fyrir nokkur húsdýr og lærðum meira um þau með könnunaraðferð. Í framhaldinu var gert lítið verkefni sem endaði með ferð í húsdýragarðinn.

Sérfræðipjónusta:

Mánaðarlegir fundir með Margréti Þórarinsdóttur. Nutum aðstoðar Helgu Melsteð deildastjóra stoðþjónustu Flataskóla. Höfum einnig notið aðstoðar frá Guðlaugu Einarsdóttur sérkennara á yngri stigi í Flataskóla. Rafn Emilsson aðstoðaði okkur einnig sem og Hildur Edda Jónsdóttir og Stella Hermansdóttir talmeinafræðingar.

Niðurstöður mats á skólastarfi:

Skólagangan hófst með viðtali við foreldra og nemendur. Daginn eftir hófst síðan hópaðlögun sem gekk mjög vel. Bekkurinn samanstóð af dugmiklum ákveðnum ungum einstaklingum sem þurftu gott



utanumhald. Allt skipulag bekkjarins var í stöðugri þróun þennan vetur. Stundatöflunni var breytt, hún var bætt og endurskipulögð reglulega eftir þörfum barnahópsins bæði hvað varðar almennt skipulag sem og niðurröðun barna í hópana. Verkefnavinna með börnunum var fjölbreytt en lestur og stærðfræði voru gerð góð skil. Mörg barnanna jafnt 4 sem 5 ára voru orðin læs eftir veturinn. Skólaárið 2015-2016 var skemmtilegt, fjölbreytt og uppbyggilegt. Börnin tóku miklum framförum jafnt félagslega sem og í alhliða þroska. Allt samstarf innan starfsmannahópsins einkenndist af virðingu, hlýju og gagnkvæmu trausti. Mikil starfsgleði ríkti innan starfsmannahópsins sem skilaði sér í metnaðarfullu og góðu starfi með börnunum.

Fanney Ófeigsdóttir

Aðstoðarleikskólastjóri Flataskóla